

**Nd.**

## **247. Frumvarp til laga**

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

### **1. gr.**

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar (sbr. 3. gr.), skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hvers námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hvorrar bókar.

### **2. gr.**

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

### **3. gr.**

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjöggra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af fulltrúafundi Sambands íslenskra barnakennara, hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefanda (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfundu, stærð upplaga og allan frágang bókana. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.

### **4. gr.**

Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.

#### 5. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhöfi.

#### 6. gr.

Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.

#### 7. gr.

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskyldt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 kr. á heimili tvö fyrstu árin eftir að löggin koma í gildi, en eftir það 5 kr. árlega. Húsráðandi greiðir námsbókagjaldið fyrir heimilið, og innheimtir lögreglustjóri það á manntalsþingum, samkv. skrá, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar skulu fram um leið og skattskrár. Ráðherra kveður á um, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera. Gjaldið hefir lögtaksrétt, og er innheimtugjaldið 2% hjá þeim innheimtumönnum, sem ekki hafa skrifstofufé eftir reikningi. Geti framferandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiddast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólalalds.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.

#### 8. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

#### 9. gr.

Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

#### 10. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

#### 11. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakenndu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarendi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

#### 12. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 15 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskyldt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

#### 13. gr.

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarendi hátt við það, sem fyrir er mælt um náms-

bækur banda skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

15. gr.

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bóka ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1937—1938, enda skal námsbókagjald samkvæmt 7. gr. innheimt í fyrsta sinni 1937.